

Umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneyti
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 21. október 2022

Athugasemdir stjórnar Landverndar við samantekt Starfshóps um friðlýst svæði um lykilþætti og áskoranir, mál 188/2022

Um forsendur samantektarinnar segir að um sé að ræða „samantekt á lykilþáttum og áskorunum sem fram komu hjá fulltrúum þeirra sem komu á fund hópsins eða sendu inn gögn. Auk þess er skjalið byggt á ábendingum sem fram komu í djúpvíðtölum sem fyrirtækið Maskína tók.“

Lýst er eftir nánari skýringum á því við hverja var rætt og hvort sjónarmið hafi verið ólík eftir hagsmunum sem viðkomandi hafa að gæta, og hvort ólík sjónarmið hafi verið vegin og metin af Starfshópnum. Athygli vekur að ekki voru tekin “djúpvíðtöl” við forsvarsfólk Landverndar.

Efnislegar ábendingar Landverndar eru eftirfarandi:

1. Stjórn Landverndar tekur undir að samræma þurfi stjórnsýslu- og skipulag stofnanna á þessu sviði til hagræðis og skýrleika. Það er löngu tímabært. Leggja ber Þjóðgarðinn á Þingvöllum, náttúruverndardeild Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarð saman í eina stofnun, til að nýta bæði þekkingu og fjármagn sem best.
2. Gjaldtaka á friðlýstum svæðum á eingöngu að miðast við þá þjónustu sem veitt er, svo sem salerni og bílastæði og einnig atvinnustarfsemi sem nýtir svæði til tekjuöflunar þegar það á við.
3. Tekið er undir sjónarmið um að gæta þarf jafnræðis og hafa gagnsæi að leiðarljósi þegar veitt eru atvinnuleyfi á friðlýstum svæðum. Verndun náttúru á ætíð að vera í fyrirrúmi við leyfisveitingar.

4. Gæta þarf þess við uppbyggingu innviða að framkvæmdir valdi ekki spjöllum á svæðinu og rýri náttúruverndargildi þess. Sérstaklega þarf að vanda til hönnunar allra mannvirkja á friðlýstum svæðum í samræmi við verndarmarkmið.
5. Þolmarkarannsóknir eru mikilvægar og koma þarf á viðbragðsáætlunum til samræmis við niðurstöður þeirra. Þróa þarf leiðir til álagsstýringar og byggja á reynslu annarra þjóða sem nú þegar beita þeim.
6. Framfylgd laga um náttúruvernd er enn talsvert ábótavant. Má nefna ákvæði um náttúruverndarskrá sem dæmi, en ekki síður ákvæði um hvað telst „brýn nauðsyn“ þegar náttúruvernd víkur fyrir framkvæmdagleðinni.
7. Friðlýsingarskilmálar „geta ekki bara verið íþyngjandi“ eins og segir í skjalinu; þeir eiga að vera íþyngjandi því annars eru þeir bara málamyndagjörningur. Friðlýsingaskilmálar setja frekari og nánari reglur um umgengni fólks við land og náttúru en felst í almennum lögum. En friðlýsingaskilmálar eiga ekki að vera óþarflega íþyngjandi. Gæta þarf meðalhófs í þessum efnum eins og öðrum.
8. Almennarétt ber að varðveita. Í almennrétti felast líka skyldur þeirra sem njóta náttúrunnar. Það má ekki gleymast. Draga þarf betur fram jafnvægið á milli réttinda og skyldna í reglum um aðgengi fólks að náttúrunni.
9. Hugtakið heimamenn er mikið notað. Það er skynsamlegt að nýta reynslu og viðveru heimamann til að efla náttúruvernd. En í náttúrunni eru allir heimamenn. Hugtakið þjóðlendur segir líka að landið sé allra landsmanna og heimamenn séu því fyrst og fremst „gæslumenn“. Ekki má nota hugtakið „heimamenn“ til að réttlæta sérstaka valdastöðu þeirra sem búa við viðkomandi svæði. Hugsanlega mætti nota hugtakið „gæslumenn“ til að lýsa megin hlutverki „heimamanna“ í náttúruvernd.
10. Ekki er ljóst hvað það er sem flækir störf „sjálfbóðaliða“ í náttúruvernd. Sjálfbóðaliðar vinna mikilvæg störf og öðlast um leið þekkingu og góða upplifun í náttúru landsins. Ef setja á frekari reglur um þessa starfsemi þarf að gæta þess að gera hana ekki of flókna fyrir þá mörgu einstaklinga og samtök sem leggja náttúruvernd lið með ólaunuðu vinnuframlagi. Sömu reglur hljóta að gilda um sjálfbóðaliða í náttúruvernd eins og aðra sjálfbóðaliða.

11. Öryggismál eru afar mikilvæg. Náttúran getur verið hættulegur leikvöllur. Landverðir gegna mikilvægu hlutverk í að bæta öryggi með leiðbeiningum til ferðamanna, persónulegu samtali sem er margfalt áhrifaríkara en auglýsingar og bæklingar. Efla þarf leiðbeiningahlutverk landvarða til að hindra óhöpp. Viðbrögð og björgun vegna óhappa kemur þar á eftir. Veita þarf landvörðum heimild, og þjálfun, til að tefja eða stöðva för ferðamann sem ekki teljast færir um að framkvæma ferðaáform sín.

12. Stóru ferðamannaskipin geta valdið skelfilegu álagi á tilgreindum stöðum og spilla upplifun allra gesta á svæðinu. Spá um fjölgun þessar skipa er verulegt áhyggjuefni. Setja þarf reglur um skipulag ferða gesta á skemmtiferðaskipum inn á þau svæði sem eru undir mestu álagi. Hugsanlega mætti skylda skipafélögin til að bóka tíma eða binda heimsóknir þeirra við þann tíma dags þar sem álagið er minnst.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri